

Nd.

160. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 103 3. maí 1935, um breyting á lögum nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

Flm.: Bergur Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Árin 1938 til 1940 er þó sérleyfishafa heimilt að nota 3 erlend skip til veiðanna, enda séu á þeim skipum eingöngu íslenskir sjómenn, nema leyfi atvinnumálaráðherra komi til.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Aftan við 3. gr. laganna bætist: Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að veita sérleyfishafa undanþágu, til ársloka 1939, frá þeim ákvæðum þessarar greinar, er lúta að hagnýtingu beina, kjöts og innýfla, enda getur ráðherra þá sett sérleyfishafa frekari skilyrði en greinir í lögum nr. 6 1896, til tryggingar gegn tjóni, er leiða kynni af undanþágu frá hagnýtingu hvalleifanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

H/f Kópur hefir reist hvalstöð og rekið hvalveiðar frá Suðureyri í Tálknafirði árin 1935 og 1936 samkvæmt undanþáguheimild þeirri, sem felst í lögum nr. 103 3. maí 1935, um breyting á lögum nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar, og samkvæmt sérleyfi, sem félagið fékk samkvæmt l. nr. 72 7. maí 1928. Félagið hyggst að halda áfram starfsemi sinni, en hefir eigi fjármagn til þess nema undanþáguheimildin til þess að nota erlend skip (norsk) við veiðarnar verði framlengd, svo og undanþága 2. gr. frv. frá hagnýtingu beina, kjöts og innýfla. Er því með frv. þessu farið fram á, að ákvæði 2. gr. fyrrgreindra laga séu framlengd fyrir árin 1938—1940, og ákvæði 3. gr. sömu laga framlengd til ársloka 1939.